

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín,
Skipulagsfulltrúi
Kjarna
650 Laugar



Reykjavík, 13. janúar 2014
Tilvísun: UST20131200018/ksj

Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis á Stöng í Mývatnssveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis á Stöng í Mývatnssveit.

Tillaga að deiliskipulagi ofangreinds ferðaþjónustusvæðis tekur til 17 ha svæðis sem skilgreint er sem svæði fyrir þjónustu og ferðaþjónustu í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.


Deiliskipulagssvæði


Á svæðinu er fyrirhugað að reisa þrjú gistihús 220 m² að stærð á gömlu túni á lóð nr. 5, suðsuðvestur af íbúðarhúsi jarðanna. Einnig er áætlaður byggingarreitur fyrir frístunda/gistihús á lóð nr. 1.

Fram kemur að sér rotþró er fyrir ferðaþjónustuhús suðvestur af íbúðarhúsi jarðarinnar og einnig kemur fram að ef þörf er á stækkun rotþróar eða siturlagna þá verði það gert í samráði við Heibrigðiseftirlit Norðurlands eystra og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis á Stöng í Mývatnssveit.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur